

# **Heimahópur 19.des 2024**

## **Upprifjun**

Fasta og bæn í 21 dag, líkt og Daníel nema frábrugðin. (Undirbúningur fyrir nýtt ár, tímabil)

- + Augljósir ávextir og breytingar á þessum stutta tíma
- + Næmnin mun meiri í andanum.
- + Sjálfstjórn, stilling, kærleiki
- + Þekkingarorð varðandi mikrafónin og skömm í United
- + Fólk sem ég á að hringja í og uppörva
- + Vitna fyrir fólk eins og andinn leiðir
- + Skírnin
- + Áfangaheimilið Vin (Ranveruleg barátta)
- + Sýn Árnýja síðasta fimmtudag og svo sýn Claudiu

## **2Tím 1:7**

*Pví að ekki gaf Guð oss anda hugleysis, heldur anda máttar og kærleiks og stillingar.*

## **Jak 4:8**

Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgast yður

## **Orðskv. 25:28**

Eins og borg, sem múnarnir hafa verið brotnir utan af, eins er sá maður, sem eigi hefir stjórn á skapsmunum sínum.

“Drottinn gaf mér sýn og orð þegar ég var að biðja í andanum í morgun. Hann vildi að ég deildi þessu hér í heimahópnum svo við gætum öll sameinast í andanum og beðið um að dýrð hans opinberaðist á Selfossi.

Sýn: Ég sé Drottin skipa hersveitum sínum að koma niður frá himni og berjast gegn þeim höfðingjavöldum og myrkraöflum sem nú eru að verki á Selfossi og nágrenni. Þegar englarnir byrjuðu að taka yfir landsvæði sá ég mismunandi staði opnast á himninum þar sem dýrð Guðs streymdi niður, og vegna þess var fólk bjargað. Þau voru leyst úr fjötrum og frelsuð vegna þess að dýrð Guðs snerti þau.“

17.des fékk ég sérstakt Orð úr Jobsbók 35.kafla

“Málið er lagt fram fyrir hann, og þú átt að bíða eftir Honum”

## Næstu skref í föstu (Algjör lykill)

Fasta sólahring einu sinni í viku að lágmarki, 3 daga vatnsfasta ef okkur vantar aukin styrk

14 daga vatnsfasta á nýju ári

Mikilvægi þess að fasta saman sem hópur reglulega, sögur bíblíunnar og James Kawalia

### Ávinningurinn fyrir Guðs ríkið af því að fasta

1. Við fáum opinberanir á því hvað við erum að eiga við og getum beðið markvisst sem einstaklingar eða kirkja.
2. Við köllum niður lækningu og réttlæti frá Guði yfir landið okkar, bæjarfélög, fjölskyldur, kirkjur.
3. Við drögum niður áþreifanlega nærveru Guðs sem hefur áhrif á umhverfi okkar.
4. Við biðjum inn í erfiðar aðstæður og fáum bænasvör.
5. Við fáum guðlega bindingu og leiðsögn með í hvaða átt skal halda sem líkami Krists á okkar svæði.
6. Við sigrum óróleika og vöxum í öryggi og friði Drottins.
7. Við endurnærumst í anda, sál og líkama.
8. Við styrkjumst í Guði sem heild og sem einstaklingar.
9. Þjónusta okkar varir líkt og lækur sem aldrei þornar upp.
10. Við höfum áhrif á yngri kynslóðirnar sem sjá okkur fasta og biðja.
11. Við endurreisum það sem óvinurinn hefur brotið niður og tökum til baka töpuð landsvæði.

### Bænarefni fyrir hópinn

Að dýrð Guðs opinberist á Selfossi og fólk frelsist. Við þurfum líka að bregðast við. Vitna.

Vakning á Íslandi sem byrjar hjá okkur. (Við þurfum að vakna fyrir alvöru og taka stöðu okkar)

### 1Kor 15:34

*Vaknið fyrir alvöru og syndgið ekki. Nokkrir hafa enga þekkingu á Guði. Yður til blygðunar segi ég það.*

Hættum að betla af Guði um sömu hlutina og gerum það sem Orðið segir okkur, föstum og biðjum inn í bænarefnin okkar, ósitra, sjúkleika, fyrir fjölskyldumeðlimum o.s.frv.

### **Matt 10:8**

*Farið og prédikið: Himnaríki er í nánd. -8- Læknið sjúka, vekið upp dauða, hreinsið líkþráa, rekið út illa anda. Gefins hafið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té.*

## **Aðalatriðið**

Samtal mitt við Guðjón, aðalatriðið er að heyra og framkvæma vilja Drottins.

Af hverju erum við að eyða orku í að gangrýna eða tala um hvernig staðan á þessu eða hinu er, við sjáum það glöggt. Ef Guð hinsvegar leggur á okkur að fara og áminna söfnuðina, eða einstaklinga þá gerum við það í trú, þar á milli, látum við ekkert skaðlegt orð líða lýða okkar af munni.

## **Niðurlag**

Fasta og bæn - Nálægjum okkur Guði

Sýnin hennar Claudi og Árnýjar

Aðalatriðið

### **Fyrr Þessal. 1:4-5**

Guð elskar yður, braður, og vér vitum, að hann hefur útvalið yður. -5- Fagnaðarerindi vort kom eigi til yðar í orðum einum, heldur einnig í krafti og í heilögum anda og með fullkominni sannfæringu. Amen!